

Nd.

608. Breytingartillaga

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Gunnlaugi Finnssyni.

Við 8. gr. 2. mgr. hljóði svo:

Nú kemur í ljós að mjólkurþörf einstakra byggðarlaga verði aðeins fullnægt með kostnaðarsömum flutningum milli sölusvæða, og er Framleiðsluráði þá heimilt að styrkja þá flutninga og stuðla að aukinni mjólkurframleiðslu á viðkomandi svæði. Ber Sexmannanefnd að taka tillit til aukakostnaðar, er af slíku leiðir. Því fé, sem Sexmannanefnd ákveður í þessu skyni, skal haldið aðskildu frá öðru ráðstöfunarfé Framleiðsluráðs.